



Skógarvörðurinn á Norðurlandi

Starfsskýrsla fyrir árið 2013



Grisjun í Reykjarhól

Sigurður Skúlason

2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS

2.1. Laufgun og lauffall

Ekki skráð

2.2. Vöxtur

Vöxtur var í meðallagi þetta ár

2.3. Fræfall

Ekki var mikið fræ og engu safnað nema úr fræhúsi

Úr skógi:

Engu var safnað úr skógi

Úr fræhúsi:

Birki	<i>Betula pubescens</i>	Vaglafræhús fv Bæjarst.	1.878 gr
Rússa x evrópulerki "Hrymur"	<i>Larix sukaczewii x decidua</i>	Vaglafræhús	541 gr
Evrópu x rússalerki "Hrymur"	<i>Larix decidua x sukaczewii</i>	Vaglafræhús	4.657 gr
Japanslerki	<i>Larix kaempferi</i>	Vaglafræhús	142 gr

2.4. Skaðar

Skaðar voru víða í skógi eftir snjóbrot og sligun frá fyrra ári og síðan eftir bleytusnjó sem kom í lok desember, sérstaklega á birki. Aðrir skaðar voru ekki áberandi.

3. STARFSFÓLK

Starfsfólk var þetta á árinu: Guðni Þ. Arnþórsson, aðstoðarskógarvörður og verkstjóri. Margrét Guðmundsdóttir sá um skrifstofu, áætlanagerð, fræumsjón auk þess að vera gjaldkeri stofnunarinnar. Guðrún Jónsdóttir vann við viðarvinnslu, frærækt og afgreiðslu á plöntum fyrir NLS. Teitur Davíðsson og Valgeir Davíðsson unnu við skógarhögg, viðarvinnslu o.fl. auk Kristjáns Tryggvasonar, sem hætti störfum í árslok. Sveinn Þórólfsson vann við skógarhögg o.fl. í 2 mánuði á haustdögum. Sumarfólk var Guðmundur Óli Gunnarsson sem vann við skógarhögg og síðan á útivistarsvæði auk Hrafnhildar Ýrar Jóhannsdóttur og Gunnhildar Arnþórsdóttur að hluta. Gestur Vagn Baldursson, Erlingur Viðarsson og Gunnlaugur Darri Garðarsson unnu við skógarhögg og viðarvinnslu. Laun og launatengd gjöld voru alls kr. 44.168.105, sem skiptust þannig: BSRB-laun kr. 11.061.169, ASÍ-laun kr. 30.457.248, dagpeningar kr. 2.176.760, akstur kr. 472.928

4. GIRÐINGAR

4.1. Viðhald

Viðhald girðinga var nokkurt þetta árið eftir langan snjóavetur en þó minna en búast mátti við. Munar þar miklu að girðingin um Þórðarstaðaskóg, Belgsá og Lundsskóg er rafgirðing sem leyst er niður á haustin. Skipt var um 135 staura og lagfært slit á vírum. Kostnaður við viðhald girðinga var kr. 1.513.169, sem skiptust þannig: Laun og launatengd gjöld kr. 1.011.107, alls 416 vinnustundir. Verktakar kr. 452.048. Annar kostnaður var kr. 50.014. Kostnaður við smölun var kr. 195.701, sem skiptist þannig: Laun og launatengd gjöld kr. 36.765, alls 14 vinnustundir. Verktakar kr. 158.936.

4.2. Nýgirðingar

Ekkert nýtt var girt á árinu.

SKÓGARHÖGG

5.1. Viður

Unnið var við grisjun og skógarhögg í Vaglaskógi, á Vöglum á Þelamörk, í Þórðarstaðaskógi og Reykjarhól í Skagafirði. Grisjunin var unnin af starfsmönnum á Vöglum auk verktaka, Benjamíns Davíðssonar, sem var við grisjun í Vaglaskógi og á Vöglum á Þelamörk.

Grisjun 2013 Skógrækt ríkisins Vöglum

Staður	Reitur	Flatarmál	Hvenær grisjað	Athugasemdir
Vaglír á Þelamörk	2	0,10	Vor 2013	
Vaglír á Þelamörk	5	0,56	Vor 2013	
Vaglír á Þelamörk	8	0,29	Vor 2013	Hluti reitar
Vaglír á Þelamörk	9	0,54	Vor 2013	
Vaglír á Þelamörk	11	0,41	Vor 2013	Grisjaður f. gróðursetningu
Vaglír á Þelamörk	11	0,15	Vetur 2013	Benni og co.
Vaglír á Þelamörk	20	0,18	Vetur 2013	Benni og co.
Vaglír á Þelamörk	36	0,33	Vor 2013	Hluti reitar
Vaglír á Þelamörk	59	0,07	Vetur 2013	Benni og co.
Vaglír á Þelamörk	72	0,31	Vetur 2013	Benni og co.
		2,96		
Reykjarhóll	12	0,06	Febrúar-apríl	
Reykjarhóll	19	0,07	Febrúar-apríl	Birki
Reykjarhóll	22	0,12	Febrúar-apríl	
Reykjarhóll	23	0,04	Febrúar-apríl	Birki
Reykjarhóll	24	0,43	Febrúar-apríl	Hluti reitar
Reykjarhóll	39	0,09	Febrúar-apríl	
Reykjarhóll	40	0,04	Febrúar-apríl	Birki
Reykjarhóll	43	0,05	Febrúar-apríl	Hluti reitar
Reykjarhóll	47	0,01	Febrúar-apríl	Hluti reitar
Reykjarhóll	48	0,03	Febrúar-apríl	Birki
Reykjarhóll	49	0,12	Febrúar-apríl	Hluti reitar
Reykjarhóll	55	0,04	Febrúar-apríl	Hluti reitar
		1,09		
Vaglaskógur	109	0,90	Vetur 2013	Hluti reitar
Vaglaskógur	386	0,98	Sumar	Benni og co.
Vaglaskógur	487	0,79	Sumar	Hluti reitar
		2,67		
Þórðarstaðaskógur	4	1,09	Sumar	Felling á birkiskerm
Þórðarstaðaskógur	16	0,35	Sumar	Grisjun á snjóbrotnu birki
Þórðarstaðaskógur	18	0,31	Sumar	Grisjun á snjóbrotnu birki
Þórðarstaðaskógur	24	2,36	Sumar	Grisjun á snjóbrotnu birki
Þórðarstaðaskógur	26	4,24	Sumar	Grisjun á snjóbrotnu birki
Þórðarstaðaskógur	27	0,99	Sumar	Grisjun á snjóbrotnu birki
Þórðarstaðaskógur	55	3,29	Sumar	Grisjun á snjóbrotnu birki
Þórðarstaðaskógur	60	1,88	Sumar	Grisjun á snjóbrotnu birki

14,52

Samtals grisjun: 21,23

þar af birki: 14,69

5.1.1. Sala girðingarstaura

Engir girðingastaurar voru seldir á árinu.

5.1.2. Viðarsala

Arinviður stórir birki ca 20 kg	3865 pk
Arinviður stórir barr ca 20 kg	149 pk
Arinviður litlir birki ca 10 kg	18 pk
Arin-/eldiviður sag klofinn birki	1 m ³
Arin-/eldiviður sag klofinn barrviður	3 m ³
Eldiviður afsag	5 m ³
Arinviður/eldiviður alls í tonnum (þurrt) ca	83,36 tonn
Bolviður birki	0,41 m ³
Bolviður blandað	401 m ³
Bolviður fura og greni	24,12 m ³
Borð og plankar birki	0,14 m ³
Borð og plankar lerki	0,12 m ³
Borð og plankar fura og greni	0,12 m ³
Reykingaviður	1645 kg
Birkikurl/flís	2800 kg
Plattar	1484 stk
Beðkurl	29,5 m ³
Birki spænir/afsag pk	324 kg
Birki spænir/afsag m ³	3 m ³

Yfirlit yfir rúmmál sem fór í Elkem.

Bíll nr	Rúmmál í m ³ f	þyngd í kg	þyngd í kg á m ³ f	Athugasemd
1	40,3			Reykjarhóll vor
2	29,3			Reykjarhóll vor
3 og 4	68,4			Vaglir Þelamörk vor
5	51,3	38.000	740,1	Vaglaskógur
6	36,6	28.540	779,7	Vaglaskógur
7	40,4	29.940	740,8	Vaglaskógur
8	7,5	5.556	740,8	Vaglaskógur m. Húsavík.
9	41,1	27.000	656,9	Vaglir Þelamörk

315,0



Lestun á við til Elkem

5.1.3. Birgðir í árslok

Óköntuð borð birki	40 m	Plattar heflaðir	3.905 stk.
Óköntuð borð fura	210 m	Plattar óheflaðir	336 stk.
Óköntuð borð lerki	30 m	Birkikurl/flís	525 kg
Smíðaviður birki	250 m	Birki afsag	3 m ³
Staurar 6 fet	640 stk	Birki spæmir	10 pk
Staurar 5 fet	220 stk	Birki spæmir	5 m ³
Arinviður stórir birki	660 pk	Beðkurl	4 pk
Arinviður litlir barr	31 pk	Beðkurl	2 m ³
Arinviður ösp	22 pk	Birki óunnið	11 m ³

Vinnustundir við skógarhögg og viðarvinnslu voru 8.976 og laun og launatengd gjöld kr. 20.293.788, þar af kjarasamningargjöld s.s. orlof, veikindi og aðrar samningsbundnar kjarabætur kr. 4.737.718, alls 2.329 vinnustundir. Verktakar, s.s. flutn á við, aflestun, kurlun o.þ.h. kr. 1.503.168. Verktakar v/grisjunar kr. 1.342.900. Annar kostnaður kr. 670.861.

5.2. Jólatré

Taka jólatrjáa hófst í byrjun nóvember. Rauðgreni í Þórðarstaðaskógi og Sigríðarstaðaskógi og stærri tré í Vaglaskógi. Fjallaþingreinar voru teknar í Fellsskógi.

Felld tré

	Rauðgr.	Stafafura	Blágreni	Fjallaþ.	Samtals
Vaglaskógur	1		2	1	4
Sigríðarstaðaskógur	30				30
Þórðarstaðaskógur	105			1	106
Alls	136	0	2	2	140

Seld tré

Stærð	Rauðgr.	Stafafura	Blágreni	Fjallaþ.	Samtals
101-125	20				20
126-150	45				45
151-175	44				44
176-200	11				11
201-250	5				5
251-300					0
301-400	1			1	2
401-500	1				1
501-600					0
601-700	1				1
Alls	128	0	0	1	129

Laun og launatengd gjöld v./töku og afhendingar jólatrjáa og greina var kr. 406.405, alls 174 vinnustundir, þar af kr. 14,984, alls 8 vinnustundir í kjarasamningagjöld.

Tekjur skiptust þannig:

	Sala	Aðkeypt	Mismunur
Jólatré	505.895		505.895
Greinar	32.460		32.460
Samtals	538.355		538.355

6. GRÓÐRARSTÖÐ

6.1. Fræplöntur

Engu var sáð 2013

6.2. Dreifsetning

Ekkert var dreifsett 2013.

6.3. Garðplöntur

Afgreiddar voru 1.248 seljuplöntur úr sáðbakka.

6.4. Afhending skógplantna

Engar skógarplöntur voru afhentar 2013.

6.5. Illgresiseyðing

Illgresiseyðing var svipuð og síðustu ár.

6.6. Nýframkvæmdir

Engar nýframkvæmdir voru á árinu.

6.8. Kostnaður

	Kr.	Tímar
Áburðargjöf	47.910	23
Ræktunarbúnaður	9.788	4
Umhirða	8.805	4
Vetrarumbúnaður	14.633	5
	81.136	36

7. GRÓÐURSETNING

Tafla yfir tegundir, kvæmi og plöntufjölda

	Tegundir	Aldur	Kvæmi	Nr	Fjöldi	Reitur
Belgsá	Rússalerki	2/0	Arkangelsk	2006	13.680	226
	Rússalerki	2/0	Lassinmaa	M29-98-0027	5.025	226
					18.705	
Vaglir Þelamörk	Fjallaþinur	3/0	Þjórsárdalur	208218	2.000	11
	Rauðgreni	2/0	Bö	F07-032	1.000	11, 6
					3.000	
Hólasandur	Bergfura	1/0	Alp Moro	fk-26	800	
					22.505	

8. HIRÐING Í SKÓGLENDUM

Grisjun	Reykjarhóll	2.516.488	898
	Vaglaskógur	1.167.397	568
	Vaglir-Þelamörk	1.691.747	701
	Þórðarstaðaskógur	2.475.766	1.010
Umhirða	Grundarreitur	88.449	35
	Vaglaskógur	15.552	8

9. BYGGINGAR

Lagfærð var klæðning á veggjum í suðurhluta skemmu og málaðir veggir og hurðir. Settur var upp nýr sturtuklefi í starfsmannahúsi, Furuvöllum, en ekki lokið við að ganga frá í kringum hann, vegna leka frá þaki. Skipt var um gólf í herbergi í kjallara á Þórðarstöðum

10. VÉLAR OG VERKFÆRI

Keypt var ný ruddasláttuvél til að slá með fram vegum og slóða í skógum. Reyndist hún að mörgu leyti mjög vel. Skipt var um kúplingu í Valtra-dráttarvél, SI-268, sem var töluvert dýr framkvæmd.



Ruddasláttuvél

12. ÝMISLEGT

12.1. Fundir og ferðalög

9/1	Fór á fund í umhverfisráðuneytinu með Jóni og Þresti um Ásbyrgismál.
22/1	Fór í Reykjarhól með Rúnari og starfsmönnum vegna væntanlegrar grisjunar.
30/1-1/2	Þjóðskógafundur á Egilsstöðum og fjármálafundur með yfirstjórn.
7/2	Fór í Varmahlíð vegna grisjunar í Reykjarhól.
21/2	Fór í Varmahlíð vegna grisjunar í Reykjarhól.
22/4	Fundur á Akureyri um brunavarnir í skógum.
2/5	Fór með Rúnari á Vagli á Þelamörk vegna grisjunar.
29/5	Fór í Ystafell í Kinn og skoðaði aurskriður.
8/6-9/6	Fór austur á Hallormsstað til að sækja plöntur í Belgsármela, 2 ferðir.
11/6	Fór með Gunnlaugi og Rúnari á Vagli á Þelamörk.
29/6	Fór í Fossselsskóg á 70 ára afmælishátíð Skf. S-Þingeyinga.
22/8	Fundur á Egilsstöðum með yfirstjórn, skógarvörðum og ráðunautum.
9/9	Fór á Vagli á Þelamörk vegna lagfæringar á vegum.
1/10	Fór til Húsavíkur með Teiti vegna útkeyrslu á við.
2/10	Fór austur á Hallormsstað með hefil og sótti staurayddara.
10/12	Fór til Húsavíkur vegna lestunar á við til Elkem.

12.2. Ferðafólk

Fjöldi ferðamanna var í lágmarki þetta ár en mjög fáar gistinætur voru skráðar í ágúst, sem engin ástæða finnst fyrir. Opnað var 7. júní, sem er frekar seint, en ástæðan var mikill snjór og bleyta fram eftir vori.

Skráðar gistinætur í Vaglaskógi voru 5,581 sem skiptust þannig: Í júní 996. Í júlí 4,182. Í ágúst 403.

Tekjur af útivistarsvæði voru kr. 7.326.144

Laun og launatengd gjöld voru kr. 3.762.533, alls 1.467 vinnustundir.

Annar kostnaður, s.s. rafmagn, bílaleigubíll ofl. kr. 2.481.570.

12.4. Annað

Fjögurra skóga hlaupið var haldið í Fnjóskadal í júlí eins og síðustu ár og var þátttaka mjög góð. Björgunarsveitin Þingey sá um framkvæmdina.

Miklar aurskriður féllu norðan við Ystafell í Köldukinn sem tóku með sér mikið af ungsjógi sem þar hafði verið gróðursett í.



Aurskriða við Ystafell

Þar sem þetta er síðasta starfsskýrsla mín sem skógarvörður á Vöglum vil ég þakka öllu samstarfsfólki á Vöglum og hjá stofnuninni, sem og öllum öðrum sem ég hef haft samstarf við, fyrir ánægjulegt og gott samstarf.

Kópavogi júní 2014,
Sigurður Skúlason